

46. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HÓTEL HAMAR
25. MARS 2015



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

EFNISYFIRLIT

Dagskrá aðalfundar 2015.....	3
Fulltrúar og gestir á aðalfundi SSV 2015.....	4
Fundarsetning.....	5
Skýrsla stjórnar.....	5
Skýrsla framkvæmdastjóra.....	5
Fjárhagsáætlun 2016.....	7
Starfsáætlun 2016.....	8
Kosning til stjórnar.....	8
Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda á vegum SSV.....	8
Kosning endurskoðenda.....	8
Önnur mál löglega borin fram.....	8

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR 2015

Miðvikudagurinn 25. mars 2015 kl. 14:30

- I. Fundarsetning. Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV**
Tilnefning fundarstjóra og kjörbréfanefndar
- II. Skýrsla stjórnar, Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður.**
- III. Ársreikningur SSV**
Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV
Umræður og fyrirspurnir
- IV. Fjárhagsáætlun 2016**
- V. Starfsáætlun 2016**
- VI. Kosning í stjórn SSV**
- VII. Kosning í þær nefndir sem starfa á milli aðalfunda**
- VIII. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda**
Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV
Umræður og fyrirspurnir
- IX. Kosning endurskoðanda**
- X. Önnur mál löglega borin fram**



FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV 2015

AKRANES

Valgarður L. Jónsson, bæjarfulltrúi
Rakel Óskardóttir, bæjarfulltrúi
Vilborg Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi
Ingibjörg Valdimarsdóttir, bæjarfulltrúi
Sigrún Inga Guðnadóttir, bæjarfulltrúi
Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

BORGARBYGGÐ

Helgi Haukur Hauksson, sveitarstjórnarfulltrúi
Björn Bjarki Þorsteinsson,
sveitarstjórnarfulltrúi
Magnús Smári Snorrason,
sveitarstjórnarfulltrúi
Ragnar Frank Kristjánsson,
sveitarstjórnarfulltrúi
Kolfinna Jóhannesdóttir, sveitarstjóri

DALABYGGÐ

Halla S. Steinólfssdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Eggert Kjartansson, oddviti

GRUNDARFJARÐARBÆR

Eyþór Garðarsson, bæjarfulltrúi
Rósa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi
Berghildur Pálmadóttir, bæjarfulltrúi
Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri

HELGAFELLSSVEIT

Sif Matthíasdóttir, oddviti

HVALFJARÐARSVEIT

Björgvin Helgason, sveitarstjórnarfulltrúi
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

Árni Hjörleifsson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Kristín Björg Árnadóttir, bæjarfulltrúi
Kristjana Hermannsdóttir, bæjarfulltrúi
Kristján Þórðarson, bæjarfulltrúi
Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

Hafðís Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi
Lárus Ástmar Hannesson, bæjarfulltrúi
Sigurður Páll Jónsson, bæjarfulltrúi
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri

AÐRIR GESTIR

Hekla Gunnarsdóttir, starfsm. Síml. Vest.
Inga Dóra Halldórsdóttir, frkv.stj. Síml. Vest.
Helgi Helgason, framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HeV)
Ása Hólmarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi Hev
Kristján Guðmundsson, frkv. Vesturlandsstofu

STARFSMENN SSV

Anna Steinsen
Einar Þ. Eyjólfsson
Elísabet Haraldsdóttir, menningarfulltrúi
Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Ólafur Sveinsson
Páll Brynjarsson
Vífill Karlsson



FUNDARSETNING

Rakel Óskarsdóttir setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hún stakk uppá Kolfinnu Jóhannesdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt. Fundarstjóri tók við fundarstjórn og kynnti tillögur um aðra embættismenn fundarins sem voru samþykktar.

Fundarstjórar: Kolfinna Jóhannesdóttir

Fundarritari: Einar Þ. Eyjólfsson

Kjörbréfanefnd: Vilborg Guðbjartsdóttir
Eggert Kjartansson

SKÝRSLA STJÓRNAR

Í fjarveru Ingveldar Guðmundsdóttur formanns SSV kynnti Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV skýrslu stjórnar.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Páll skilaði þökkum frá formanni til stjórnar SSV, starfsmanna og allra sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi fyrir gott samtarf.

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV skýrði endurskoðaðan reikning ársins 2014.

Endurskoðaður ársreikningur 2014 er í sér skjali.

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir framsögu um ársreikning.

Fundastjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Páli var þökkuð yfirferð á skýrslu stjórnar og ársreiknings 2014. Þá var haft á orði að árs-skýrslan væri vegleg þetta árið, þar hægt væri að finna margvíslegar gagnlegar upplýsingar um starfsemi SSV. Bent var á að betur mætti sundurliða verkefni eftir starfsvæðum eins og verkefni Atvinnuráðgjafar og einnig styrki vegna Vaxtarsamnings t.d. í skýringatexta, eins varðandi þjónusturáðið.

Í tengslum við almenningssamgöngur var spurt hvað fælist í samningi við Eyþing og í því samhengi hvernig greiðslum til þess væri háttað.

Páll greindi frá því hvernig samskiptin við Eyþing hefðu þróast frá upphafi almenningssamgangna. Árið 2012 hefðu landshlutasamtökin tekið yfir almenningssamgöngurnar og það



var strax ljóst ef að Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra og Eyþing gætu unnið saman þá væri hægt að ná mikilli hagræðingu útúr rekstrinum. Farið var af stað haustið 2012 og voru örðugleikar á rekstrinum til að byrja með og því farið í breytingar á akstursleiðum sem strax skiluðu hagræðingu.

Snemma árs 2013 hóf Eyþing vinnu við að þróa almenningssamgöngur á sínu starfssvæði. Þeir fengu ráðgjafa til að vinna með sér sem lagði fram kostnaðaráætlun sem gerði ráð fyrir að þeir fái ákveðinn hagnað útúr leið 57 (Reykjavík-Akranes-Borgarnes-Akureyri). Var sá hagnaður áætlaður um kr. 14 mkr. Sjónarmið Vestlendinga, Vestfirðinga og Norðurlands vestra var að allt fjármagnið færi í einn pott sem yrði síðan allt greitt úr. Eyþingsmenn fóru hins vegar fram á að fá greiddan út þann „hagnað“ sem þeir töldu sig eiga inni vegna leiðar 57. Um það sköpuðust deilur, þar sem menn voru ósáttir við þær forsendur sem settar voru fram í áætlunum Eyþings. Veltu menn fyrir sér hvort að hægt væri að greina frekar þann „hagnað“ sem leiðin væri að skila en þar voru ákveðnir erfiðleikar við útreikninga. Strætó var með ákveðnar hugmyndir sem mátti nota en eftir því sem á leið var ljóst að deilan var orðið vandamál í samstarfinu og einhvern veginn varð að höggva á hnútinn. Niðurstaðan varð sú að tekið var tillit til sjónarmiða Eyþings að einhverju leiti, í ljósi þess að leið 57 væri að skila góðri afkomu. Niðurstaðan var að þeir halda eftir hluta þeirra tekna sem koma frá Vegagerðinni og geta þá notað í aðrar leiðir á Norðurlandi eystra. Það er ekkert launungarmál að Eyþing hefur verið að tapa á almenningssamgöngum og þeir vildu skila verkefninu aftur til ríkisins. Niðurstaðan var umrætt samkomulag sem má segja að hafi verið ákveðin málamiðlun.

Spurt var út þau verkefni er Strætó annaðist fyrir SSV og hver væri kostnaður við þá þjónustu sem keypt væri af Strætó.

Páll svaraði því að menn sáu strax við yfirtöku almenningssamgangna að það væri mikill kostur að komast inni leiðarkerfi Strætó. Þar væri sérþekking á því að reka almenningssamgöngur. Þeir myndu taka að sér að halda utan um verkefni eins og að skipuleggja ferðir, samskipti við notendur og ökumenn ásamt útboðum og á móti myndi SSV sjá um fjármálaumsýsluna. Fyrir þetta myndi SSV greiða um 15% af samningum við verktaka sem myndi gera c.a. 30 mkr. á árinu 2014. Samstarfið við Strætó hefur að mörgu leyti gengið vel en þó hafa verið umræður um hvort að kominn sé tími til að endurskoða þessar greiðslur fyrir þá þjónustu sem er í boði. Páll greindi frá því að landhlutasamtökin muni hittast á þessu ári þar sem farið yrði m.a. yfir þessi mál.

Í kjölfarið var SSV hvatt til þess að fara yfir samningsmál við Strætó með hagræðingarsjónarmið að leiðarljósi.

Í tengslum við almenningssamgöngur var spurt um stöðuna á niðurgreiðslum á olúgjaldi. Einnig var vitnað í orð Páls varðandi frumvarp er varðaði einkaleyfi á ákveðnum vegleiðum. Spurt var um stöðuna á því frumvarpi og hvort að einhver möguleiki væri á því að það gengi í gegn með vorinu. Þá var hvatt til umræðu um hagræðingu í samgöngum þeirri spurningu varpað fram hvort ekki mætti samnýta ferðir landspóstsins út á land með ferðum Strætó? Í því samhengi var bent á að á Snæfellsnesi mætti oft sjá stóra flutningabíla frá Póstinum með örfáa póstpoka koma rétt á eftir Strætó inni bæjarfélögin.

Páll sagði varðandi olúgjaldið að ekki væri komin endanleg niðurstaða í það mál en benti á að það væri vinnuhópur starfandi hjá ríkinu að fara yfir mál almenningssamgangna og þar kæmi



ólúgjaldið inná borð. Þetta var þannig að landshlutasamtökin voru með ákveðinn afslátt af ólúgjaldinu en undanfarin ár hefur verið dregið úr þeim afslætti, þannig að landshlutasamtökin hafa verið að borga hærra ólúgjald en þegar farið var stað. Landshlutasamtökin hafa kallað eftir leiðréttingu á þessu. Varðandi sérleyfið benti Páll á að Samband íslenska sveitarfélaga hefur komið fram með ábendingar og umsögn varðandi það frumvarp sem er í gangi. Verið sé að setja inní lögin ákvæði sem taka á því hvernig hægt sé að bregðast við ef einhverjir séu að keyra ofan í sérleyfi. Það ákvæði vantaði í gömlu lögin. Vonast er til að niðurstaða liggi fyrir á þessu ári.

Páll kom inná mikla aukningu á tekjum á leiðum 58 og 82 sem skýrist af því að ekki væri verið að keyra ofan í þessar leiðir yfir sumartímann. Það hafa verið umræður á vettvangi SSV um ákveðnar breytingar á starfsemi almenningssamgangna, t.d. þann 7. júní mun sumarátlan hefjast ekki 15. maí eins var og árið 2014. Þá væri ætlunin að draga úr umfangi á leið 81 þar sem ætlunin sé að fara þrjár ferðir í viku en ekki fimm ferðir. Síðan minntist Páll á að umræða hefur verið um tilraunaakstur á sunnanverðu Snæfellsnesi þ.e. á milli Vegamóta og Arnarstapa.

Varðandi pósthlutninga sagði Páll það erindi sem hægt væri að taka upp hjá stjórn SSV. Það mætti jafnvel sjá fyrir sér að taka þetta mál upp í samráðshópi um samgöngumál í þeim tilgangi að efla almenningssamgöngur.

Þá voru samtökin hvött til þess að skoða það gat sem væri á almenningssamgöngum á Snæfellsnesi á leiðinni Vegamót-Arnarstapi. Þá kom jafnframt ábending um hvort að hægt væri að einblína meira á rafræna útgáfu fundargagna í þeim tilgangi að draga úr kostnaði.

Ekki komu fleiri fyrirspurnir og bar fundarstjóri skýrslu stjórnar og ársreikninga til samþykkis.

Skýrsla stjórnar – Samþykkt samhljóða

Ársreikningur SSV 2014 – Samþykkt samhljóða

Ársreikningur þjónustu svæði Vesturlands 2014 – Samþykkt samhljóða

Ársreikningur Menningarráð Vesturlands 2014 – Samþykkt samhljóða

Ársreikningur Vaxtarsamnings Vesturlands 2014 – Samþykkt samhljóða

Fundastjóri þakkaði Páli fyrir og bað kjörbréfanefnd að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Vilborg Guðbjartsdóttir gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar og tilkynnti að fundurinn væri löglegur.

Fundarstjóri þakkaði kjörbréfanefnd fyrir.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

Lagt til að vísa Fjárhagsáætlun 2016 til haustþings SSV.

Samþykkt samhljóða



STARFSÁÆTLUN 2016

Lagt til að vísa Starfáætlun 2016 til haustþings SSV

Samþykkt samhljóða

KOSNING TIL STJÓRNAR

Stjórn SSV sem kosin var á Haustþingi var kosin til tveggja ára og mun sitja fram á vor 2016. Erindi frá Hvalfjarðarsveit var borið upp þar sem sveitarfélagið óskaði eftir að Björgvin Helgason yrði fulltrúi Hvalfjarsveitar í stjórn SSV í stað Hjördísar Stefánsdóttur sem óskaði eftir að láta af setu í stjórn. Varamaður yrði Ása Helgadóttir.

Lagt var til að fundurinn yrði við erindi Hvalfjarðarsveitar.

Samþykkt samhljóða.

ÁKVÖRÐUN UM LAUN OG ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG NEFNDA Á VEGUM SSV

Lagt var til að launakjör yrðu eftirfarandi:

- Stjórn SSV
 - Formaður 6% af þingfararkaupi
 - Aðrir stjórnarmenn 3% af þingfararkaupi
- Nefndir
 - Formaður 4% af þingfararkaupi
 - Aðrir stjórnarmenn 2% af þingfararkaupi

Þann 25. mars 2015 er þingfararkaup kr. 651.446

Samþykkt samhljóða

KOSNING ENDURSKOÐENDA

Lagt var til að KPMG endurskoði ársreikninga SSV og tengdra aðila á árinu 2015.

Samþykkt samhljóða.

ÖNNUR MÁL LÖGLEGA BORIN FRAM

Ingibjörg Valdimarsdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu fyrir aðalfund.



„Undirrituð leggja til að stjórn verði sett það verkefni að skoða allar mögulegar leiðir til að leiðrétta þann lýðræðishalla sem er í stjórn SSV. Óskað er eftir greinargerð fyrir 1. júní um tillögur að úrbótum sem send verður á þau sveitarfélög sem aðilar eru að SSV ásamt því að sú greinargerð verði lögð fyrir framhaldsaðalfund SSV nk. haust.“

Fundarstjóri bar tillöguna til samþykkis.

Tillaga felld með 12 atkvæðum gegn 6.

Rakel Óskarsdóttir varaformaður SSV þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og fundarstjóra fyrir fundarstjórnina.

Fundi frestað til september/október 2015
